

15. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipsgjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipsgjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnærogugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 408.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1974.

A. Rekstrarreikningur.

Tekjur :

1. Hluti af sölugjaldi	kr.	790 463 000.00
2. Hluti af aðflutningsgjöldum	—	472 041 286.00
3. Landsútsvar annarra en banka	kr. 205 778 987.00	
4. ÷ Fjórðungshluti sveitarfélaga	—	51 384 691.00
		— 154 394 296.00
5. Landsútsvör bænda	—	13 198 458.00
		kr. 1 430 097 040.00
6. Vaxtatekjur	—	20 326 166.00
		kr. 1 450 423 206.00

Gjöld:

1. Aukaframlög	kr.	42 100 000.00
2. Afskrifað v. Innheimtustofnunar 1973	—	531 687.00
3. Tékkhefti	kr.	1 500.00
4. Bætur frá f. árum	—	26 576.00
		<hr/>
	kr.	42 659 763.00
5. Fólksfækkunarframlög	kr.	15 585 012.00
6. Lánasjóður sveitarfélaga	—	15 000 000.00
7. Samband isl. sveitarfélaga 1%	—	14 300 970.00
8. Landshlutasamt. sveitarfél. 1%	—	14 300 970.00
9. Rekstur Innheimtust. sveitarfél. 1973 ...	—	3 630 171.00
10. Rekstur Innheimtust. sveitarfél. 1974 ...	—	6 135 642.00
		<hr/>
	—	68 952 765.00
11. Framlög til sveitarfélaga	—	1 289 639 423.00
12. Tekjuafgangur 1974	—	49 171 255.00
		<hr/>
	Kr.	1 450 423 206.00

B. Efnahagsreikningur.

Fjármunir:

Veltufjármunir:

1. Seðlabanki Íslands	kr.	53 862 420.00
2. Ríkissjóður	—	111 409 964.00
3. Skuldir sveitarfélaga	—	35 780.00
4. Innheimtuumdæmi ríkissjóðs	—	113 166 000.00
		<hr/>
	kr.	278 474 164.00

Fastafjármunir:

1. Innheimtustofnun sveitarfélaga	kr.	179 468 313.00
2. Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	—	6 000 000.00
		<hr/>
	—	185 468 313.00
		<hr/>
	Kr.	463 942 477.00

Fjármagn.

Skammvinnt fjármagn:

Sveitarfélög:

1. Viðskiptareikningur sveitarfélaga	kr.	3 748 686.00
2. Geymslufé v. sveitarfélaga	—	212 121 687.00
3. Óinnh. hjá innh. umd. ríkissjóðs	—	113 166 000.00
		<hr/>
	kr.	329 036 373.00
4. Samband isl. sveitarfélaga	—	1 103 232.00
5. Landshlutasamt. sveitarfélaga	—	1 103 232.00
6. Innh.stofnun kostnaður 1974	—	6 135 642.00
		<hr/>
	Kr.	337 378 479.00

Eigið fé:

1. Höfuðstóll 1/1 1974	kr.	74 590 501.00	
2. Endurmat v. fyrri ára	—	2 802 242.00	
3. Tekjuafgangur 1974	—	49 171 255.00	
			— 126 563 998.00
			Kr. 463 942 477.00

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

8. september 1975.

Nr. 409.

SAMPYKKT

um hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Hundahald í Bessastaðahreppi er bannað.

2. gr.

Sveitarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Þarfahundar á lögbýlum eru undanþegnir gjaldi þessu.
- Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við árlega greiðslu leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi eðlilegri ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu kostnaðar vegna brotsins. Einnig má hreppsnefnd skylda hundeiganda til þess að láta hund sinn ekki ganga lausan á almannafæri.